

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 2004 að telja um 3% frá því sem þær voru í desember 2003.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. og 17. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. desember 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 809/2003 um geislavarnir við notkun opinna geislalinda.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 1:

a. 8. gr. orðast svo:

Lággeislavirkar lausnir sem farga má með almennu skólpi.

Heildarmagn sem hver eigandi má farga með almennu skólpi um niðurfall í vaski er:

1. 2,5 ALI_{min} í hvert sinn sé einni kjarntegund fargað, þó ekki meira en 100 MBq
2. 25 ALI_{min} í hverjum mánuði sé einni kjarntegund fargað, þó ekki meira en 100 000 MBq á ári.

Sé fleiri en einn kjarntegund fargað í einu verður fyrri krafan:

$$\sum_k \frac{A_k}{A_{\min,k}} \leq 2,5$$

Sé fleiri en einni kjarntegund fargað í mánuði verður síðari krafan:

$$\sum_k \frac{A_k}{A_{\min,k}} \leq 25$$

Í ójöfnunum að ofan vísar A_k til magns kjarntegundar k (mælt sem virkni) og $ALI_{\min,k}$ til minnsta magns ALI gildis hvernar kjarntegundar, óháð efnasamsetningu og hvernig efnið berst inn í líkama. ALI er alþjóðleg skammstöfun (fyrir Annual Limit of Intake) og vísar til þess magns geislavirkirar kjarntegundar sem getur í mesta lagi borist inn í líkama manns með tilteknum hætti án þess að geislaálag sem af því hlýst fari yfir 20 mSv. Töflur yfir ALI_{\min} er að finna í viðauka A við þessar reglur.

Þegar geislavirkum lausnum er hellt í niðurfall vasks, þá skal skola vaskinn vel á eftir með nægu vatni.